

Í bæjarþingsmáli þessu hefur stefndi krafizt þess, að setudómarinn víki sæti í málinu, vegna þess að hann hafi sem setufógeti í fyrrgreindu innsetningarmáli látið stefnanda hafa aðgang að þvottahúsi gegnum innganginn í húsið á austurhlið þess. Geti sú ákvörðun ekki byggzt á öðru en því, að dómarinn telji stefnda ekki eiga nema þenna eina inngang að íbúð sinni. Hafi því dómarinn þegar lagt dóm á mál þetta á þá leið, að stefnandi eigi þann rétt, sem deilt er um í máli þessu.

Í nefndum fógætaréttarúrskurði komst setufógetinn að þeirri niðurstöðu, að stefnandi máls þessa ætti augljósan rétt til umferðar um neðri hæð hússins til að komast að þvottahúsi og miðstöð, og þar sem stefndi hefði tekið af hinn upphaflega inngang og sett nýjan inngang á austurhlið hússins, úrskurðaði fógætin stefnanda rétt til að ganga um þann inngang.

Um inngang í þvottahúsið gegnum dyr úr anddyrinu, sem liggur að efri hæð, gegnum eitt íbúðarherbergi neðri hæðar, kom ekki til álita í fógætaréttarmálinu, enda hafði aldrei verið gengið þar í gegn af stefnanda né stefndi boðið stefnanda að ganga þar í gegn.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndi ekki hafa fært fram neinar gildar ástæður fyrir þeirri kröfu sinni, að setudómarinn víki sæti í máli þessu.

Því úrskurðast:

Gunnar Jónsson setudómari vikur ekki sæti í máli þessu.

Þriðjudaginn 2. október 1956.

Nr. 177/1955. Trésmiðjan Víðir h/f

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kristjáni Sigurjónssyni (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Riftun vinnusamnings. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1955. Krefst hann þess, að stefnda verði

dæmt að greiða honum kr. 40.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. marz 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Stefndi rifti samningi þeim, sem lýst er í héraðsdómi, án lögmætra ástæðna. Telja verður, að áfrýjandi hafi beðið fjártjón vegna þessarar löglausu riftunar, og þykja bætur til áfrýjanda af þeim sökum hæfilega ákveðnar kr. 6000.00. Ber stefnda að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Kristján Sigurjónsson, greiði áfrýjanda, Trésmiðjunni Víði h/f, kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum frá 20. marz 1954 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Trésmiðjan Víðir h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 20. marz 1954, gegn Kristjáni Sigurjónssyni, Brautarholti 22, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 50.000, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarsins..

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar, svo og krefst hann málskostnaðar að mati dómarsins.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 3. júní 1953, gerðu aðiljar með sér það samkomulag, að stefndi réðst sem húsgagnabólstrari til stefnanda frá 1. ágúst 1953. Var samningstímabilið ákveðið 2 ár, og var samningurinn þá uppsegjanlegur af beggja hálfu með mánaðar fyrirvara, miðað við 1. apríl ár hvert, en framlengdist ella um eitt ár í senn. Með bréfi, dags. 29. júlí 1953, tilkynnti stefndi stefnanda, að hann gæti eigi staðið við samninginn. Hóf stefndi því aldrei störf hjá stefnanda.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi rofið fram-

angreindan samning, og hafi hann, stefnandi, orðið fyrir fjártjóni vegna þess. Hafi sér ekki tekizt að fá annan mann í stað hans þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í þá átt. Telur stefnandi fjártjón sitt sízt ofreiknað með stefnukröfu sinni.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu fjártjóni.

Fyrir dómi kvað stefndi, að viðræður hafi farið fram við stefnanda þess efnis, að hann leysti stefnda undan samningnum, og hafi þær viðræður átt sér stað, áður en stefndi ritaði stefnanda bréfið, dags. 29. júlí 1953. Stefnandi viðurkenndi fyrir dómi, að þessar viðræður hafi átt sér stað.

Ekki þykir stefnandi hafa fært neinar sannanir að því, að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna samningsrofa stefnda. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Kristján Sigurjónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Trésmiðjunnar Víðis h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 2. október 1956.

Nr. 116/1956. Ákærvaldið

gegn

Snorra Jónssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með dómi sakadóms Kópavogs 8. september 1956 var ákærða dæmd fangelsisrefsing 3 ár fyrir skírlífisbrot gagnvart allmörgum ungmennum. Sama dag var með úrskurði sakadómsins kveðið á um gæzluvarðhald ákærða allt að 4